

Tillaga kjörnefndar Rauða krossins á Íslandi til aðalfundar félagsins 21. maí 2016.

Þessi kjörnefnd Rauða krossins á Íslandi var fyrst skipuð í samræmi við lög félagsins á aðalfundi sem haldinn var 19. maí 2012. Sá aðalfundur samþykkti einnig verklagsreglur kjörnefndar svo sem mælt er fyrir í 7. grein laga félagsins. Verkefni kjörnefndar samkvæmt verklagsreglunum er að undirbúa kosningar stjórnar- og skoðunarmanna Rauða krossins samkvæmt lögum félagsins. Kjörnefndin skal skila tillögum um jafnmarga stjórnar- og skoðunarmenn og kjörnir skulu á komandi aðalfundi eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund. Skal kjörnefndin í tillögum sínum taka mið af hæfni viðkomandi einstaklinga en jafnframt gæta jafnvægis hvað varðar menntun, búsetu, aldur og kyn, eftir því sem við verður komið.

Samkvæmt 7. og 8. grein laga félagsins frá 19. maí 2012 skal á þessum aðalfundi kjósa stjórnar- og skoðunarmenn sem hér segir:

- a) Varaformann til fjögurra ára
- b) Fjóra stjórnarmenn til fjögurra ára
- c) Tvo varamenn til tveggja ára
- d) Tvo skoðunarmenn til tveggja ára

Kjörnefnd hóf störf í janúar 2016 og sendi um það tilkynningu til deilda síðar í þeim mánuði að nefndin hefði tekið til starfa. Jafnframt var auglýst eftir framboðum á vef félagsins í samræmi við verklagsreglur nefndarinnar. Óskað var eftir tilnefningum eða ábendingum fyrir lok dags þann 4. mars s.l.

Tilkynningar og tilnefningar bárust um 5 einstaklinga. Ennfremur aflaði kjörnefndin upplýsinga um að allir þeir sem nú eru að ljúka kjörtímabili sínu væru tilbúnir að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa enda koma tímamörk sem gilda um stjórnasetu ekki í veg fyrir það.

Kjörnefnd hefur kappkostað að setja saman tillögu í samræmi við tilmæli í verklagsreglunum og leggur því til við aðalfund Rauða krossins á Íslandi 2016 eftirfarandi:

- A) Ragna Árnadóttir verði kosinn varaformaður til fjögurra ára
(sjá nánar meðfylgjandi)
- B) Gísli Friðriksson verði kosinn stjórnarmaður til fjögurra ára
(sjá nánar meðfylgjandi)
- C) Helgi Ívarsson verði kosinn stjórnarmaður til fjögurra ára
(sjá nánar meðfylgjandi)
- D) Oddrún Kristjánsdóttir verði kosin stjórnarmaður til fjögurra ára
(sjá nánar meðfylgjandi)
- E) Þóra Björk Nikulásdóttir verði kosin stjórnarmaður til fjögurra ára
(sjá nánar meðfylgjandi)
- F) Ívar Kristinsson verði kosinn fyrsti varamaður til tveggja ára
(sjá nánar meðfylgjandi)
- G) Ragnar Þorvarðarson verði kosinn annar varamaður til tveggja ára
(sjá nánar meðfylgjandi)

- H) Gunnlaugur Dan Ólafsson verði kosinn skoðunarmaður til tveggja ára
(sjá nánar meðfylgjandi)
- I) Sigrún Camilla Halldórsdóttir verði kosin skoðunarmaður til tveggja ára
(sjá nánar meðfylgjandi)

Samþykkt á fundi kjörnefndar þann 18. apríl 2016.

Kjörnefnd Rauða krossins á Íslandi, kosin á aðalfundi 19. maí 2012 og 17. maí 2014.

Anna Stefánsdóttir, Kópavogi
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Hafnarfirði
Helga Gísladóttir, Patreksfirði,
Úlfar Hauksson, Akureyri, formaður

Eyjólfur Sturlaugsson, Selfossi, varamaður
Sveinn Þorsteinsson, Vík, varamaður

1. Kjörnefnd leggur til að Ragna Árnadóttir verði kosin varaformaður Rauða krossins á Íslandi til næstu fjögurra ára.

Ragna Árnadóttir, Reykjavíkurdeild.

Ragna er fædd árið 1966. Hún er lögfræðingur að mennt og starfaði við nefndadeild Alþingis 1991-95, hjá Norðurlandaráði í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn til ársins 1999 og síðan hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála og kærunefnd um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ragna var frá árinu 2001 deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti en síðan skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti og staðgengill ráðuneytisstjóra. Hún var settur ráðuneytisstjóri í sama ráðuneyti apríl-október 2008. Hún var svo settur staðgengill ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu í janúar 2009 og var síðan dóms- og mannréttindaráðherra 2009-2010.

Ragna hefur setið í ýmsum nefndum á vegum Evrópuráðsins og í sendinefndum Íslands hjá eftirlitsnefndum Sameinuðu þjóðanna, einkum nefndum sem fjallað hafa um mannréttindi og réttindi barna. Ragna hafur síðustu árin gegnt starfi aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar auk þess sem hún hefur komið að ýmsum nefndum og vinnuhópum á opinberum vettvangi. Ragna er félagi í Reykjavíkurdeild og var fyrst kosin sem varamaður í stjórn RKÍ árið 2011.

2. Kjörnefnd leggur til að Gísli Friðriksson, Helgi Ívarsson, Oddrún Kristjánsdóttir og Þóra Björk Nikulásdóttir verði kosin stjórnarmenn til næstu fjögurra ára.

Gísli Friðriksson, Kjósarsýsludeild.

Gísli er fæddur árið 1965. Hann lauk grunnskólaprófi og stundaði síðan nám í rafeindavirkjun. Hann hefur lengst af starfað við lagerstjórnun og er nú lagerstjóri hjá öryggisfyrirtækinu Securitas. Gísli gekk til liðs við Rauða krossinn fyrir liðlega 10 árum. Hann var kosinn í stjórn Kjósarsýsludeildar árið 2008 og hefur verið í stjórn deildarinnar síðan og formaður um sinn. formaður deildarinnar frá 2011. Gísli var kosinn í stjórn RKÍ árið 2012

Helgi Ívarsson, Hafnarfjarðardeild.

Helgi er fæddur árið 1948. Hann er menntaður stýrimaður og starfaði sem slíkur áður en hann gerðist slökkviliðsmaður, fyrst á Keflavíkurflugvelli og síðar sem slökkviliðsstjóri í Hafnarfirði. Hann starfar nú sem ráðgjafi í brunavörnum og öryggismálum.

Helgi kom til liðs við Rauða krossinn árið 1983 og sat lengi í stjórn Hafnarfjarðardeildar og var formaður hennar 1992-2004. Hann kom aftur í stjórnina árið 2009. Hann hefur setið í ýmsum nefndum og vinnuhópum fyrir hönd Hafnarfjarðardeildar og á sameiginlegum vettvangi deildanna á höfuðborgarsvæðinu. Helgi var kosinn í stjórnina árið 2012.

Oddrún Kristjánsdóttir, Reykjavíkurdeild.

Oddrún er fædd árið 1951. Að loknu stúdentsprófi var hún við nám í Bretlandi og lauk það prófi í umhverfisfræðum. Hún stundaði síðan ýmis störf í Reykjavík, fyrst störf tengd samgöngumálum en síðar starfaði hún hjá Reykjavíkurborg.

Oddrún hefur starfað lengi að félagsmálum. Hún hefur m.a. verið í stjórn Kvinnadeildarinnar í Reykjavík og setið í stjórn Reykjavíkurdeildar þ.á.m. sem varaformaður. Hún var kosin í stjórn félagsins til tveggja ára á aðalfundi árið 2014

Póra Björg Nikulásdóttir, Stöðvarfjarðardeild.

Póra er fædd 1959. Hún lauk verslunarprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og hóf að því loknu störf á skrifstofu á Stöðvarfirði. Hún hefur þó lengst af verið bankastarfsmaður á Austfjörðum. Póra kom til liðs við Rauða krossinn árið 1990 og hefur verið í stjórn deildarinnar á Stöðvarfirði frá 2004, síðast sem formaður. Póra var einnig virk í ungmennafélagsstarfi á Stöðvarfirði. Póra Björg var kosin varamaður í stjórn félagsins árið 2014

- 3. Kjörnefnd leggur til að Ívar Kristinsson verði kosinn fyrsti varamaður og Ragnar Þorvarðarson verði kosinn annar varamaður til næstu tveggja ára.**

Ívar Kristinsson, Kópavogsdeild.

Ívar er fæddur 1985. Hann er með BA -próf í mannfræði og hefur auk þess stundað meistaranámi í alþjóðasamskiptum og rekstrarverkfræði. Ívar hefur sinnt sjálfboðaliðastörfum í Kópavogsdeild um árabil, m.a. í verkefni fyrir börn innflytjenda. Þá sat hann um tíma sem fulltrúi deildarinnar í svæðisráði höfuðborgarsvæðisins. Hann settist í stjórn Kópavogsdeildar árið 2010 og hefur verið gjaldkeri deildarinnar frá 2011. Ívar var kosinn varamaður í stjórn RKÍ árið 2014.

Ragnar Þorvarðarson, Reykjavíkurdeild.

Ragnar er fæddur 1984. Hann lauk að loknu stúdentsprófi námi í viðskipta- og Asíufræðum í Kaupmannahöfn og stundaði síðan frekara nám í fjölmiðlafræðum og hnattrænum samskiptum. Hann hefur einnig lagt stund á japönsku. Ragnar hefur starfað við ýmis störf en flest tengjast þau markaðsmálum og samskiptum, m.a. hjá Viðskiptaráði og hjá sendiráði Bretlands í Reykjavík. Ragnar hefur tekið þátt í félagsmálum af ýmsu tagi og hann er núverandi varformaður Reykjavíkurdeildar.

- 4. Kjörnefnd leggur til að Sigrún Camilla Halldórsdóttir og Gunnlaugur Dan Ólafsson verði kjörin skoðunarmenn til næstu tveggja ára.**

Sigrún Camilla Halldórsdóttir, Ísafjarðardeild.

Sigrún starfaði lengi sem fjármálastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Sigrún Camilla hefur lengi starfað í Ísafjarðardeildinni og var gjaldkeri deildarinnar frá 1998 til 2010. Hún var fyrst kjörin skoðunarmaður árið 2010.

Gunnlaugur Dan Ólafsson, Grindavíkurdeild.

Gunnlaugur er fæddur 1948. Hann lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands og hóf að því loknu kennslu við barna- og grunnskóla í Kópavogi, Vopnafirði og Grindavík. Hann var skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur 1979-2010 og Grunnskóla Þingeyrar 2010-2013. Hann flutti sig svo aftur til Grindavíkur þar sem hann annast nú ýmsa tilfallandi kennslu á svæðinu.

Gunnlaugur gekk til liðs við Rauða krossinn í Grindavík árið 1981 og sat í stjórn Grindavíkurdeildar í meira en áratug lengst af sem formaður. Hann sat síðan í stjórn Rauða kross Íslands 1992- 2000 og hefur síðan verið í góðum tengslum við félagið. Hann var fyrst kjörinn skoðunarmaður árið 2014.